

# Fundargerð öryggisráðs AKÍS

Fundur haldinn 9. mars 2022 kl. 20.00 á Zoom.

**Mætt;** Aðalsteinn Símonarson, Elsa Kristín Sigurðardóttir og Ari Halldór Hjaltason.  
**Fjarverandi;** Erla Sigurðardóttir, Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir og Jón Bjarni Jónsson.

---

## 1. Sniðmát að öryggisáætlun

Tilgangurinn er að hjálpa keppnishöldurum og öryggisfulltrúum að byrja á notkun skriflegra öryggisáætlana og áhættumats.

Kominn grunnur að nánari útfærslu á gátlista sem var gefinn út 2020. Hann verður unninn áfram og markmiðið er að verði aðgengilegur fyrir notendur á [www.akis.is](http://www.akis.is).

Einnig að kynna þau gögn sem eru aðgengileg hjá FIA.

## 2. Námskeið fyrir öryggisfulltrúa

Dagsetning liggur ekki fyrir.

Ákveðið að byggja námskeiðið upp á sama efni og notað var í fyrra, með lítilsháttar aðlögun. Stefnt á að fá gestafyrirlesara með reynslusögur.

## 3. „Impact data logger“

Samkvæmt formanni AKÍS eru 50 tæki væntanleg til landsins í apríl, án endurgjalds. FIA býður upp á kennslu á kerfið sem þessu fylgir og er óskað eftir að fulltrúi úr öryggisráði geri það.

EKS og AHH munu sitja svona kynningu, verða í sambandi við Helgu formann með tímasetningu og einnig að fá e.t.v. fleiri áhugasama með.

## 4. Önnur mál

- Ekkert tekið fyrir.

Næsti tímasetti fundur 6. apríl 2022 kl. 19.00 á Zoom.

Fundi slitið kl. 21.10

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson